

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnunar Seltjarnarness, fráveita, nr. 900/2012.

1. gr.

Í stað orðsins „Seltjarnarneskaupstað“ komi: Seltjarnarnesbæ og í stað orðsins „Seltjarnarneskaupstaðar“ komi orðið: Seltjarnarnesbæjar.

2. gr.

Við 2. gr. gjaldskrárinnar bætist eftirfarandi málsgrein: Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðarmörkum húseiganda að holræsakerfi er kr. 242.156, sbr. samþykkt um fráveitu í Seltjarnarnesbæ nr. 1101/2020.

3. gr.

Breyting þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar þann 25. nóvember 2020, sbr. reglugerð fyrir Veitustofnun Seltjarnarness nr. 237/2011 og samþykkt um fráveitu í Seltjarnarnesbæ nr. 1101/2020, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, með síðari breytingum og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2021.

Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, 25. nóvember 2020.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.